

Fundur nr. 232

Ár 2023, miðvikudaginn 26. maí kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 930

Mætt:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Másson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Guðmundur Ingpór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson (kom á fundin undir 3. lið)

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 231 fundar

Fundargerð 231 fundar afgreidd og undirrituð

2. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd. Ekkert slys hefur orðið frá síðastaf fundi.

3. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

4. Starfskjarastefna

Fyrir fundinum lá tillaga að starfskjarastefnu sem Hildur Björnsdóttir formaður starfskjaranefndar og Ólafur Ólafsson mannauðsstjóri Faxaflóahafna kynntu. Samþykkti stjórn stefnuna samhljóða.

5. Arðgreiðslustefna

Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs og Ástríður Elín Jónsdóttir gæða- og umhverfisstjóri komu á fundin og kynntu tillögu að arðgreiðslustefnu. Byggir hún á greiningu og tillögu KPMG sem kynnt var og rædd á síðastaf fundi stjórnar. Stefnan gerir ráð fyrir útreikningi á hámarksarðgreiðslu, en tillaga stjórnar til arðgreiðslu hverju sinni getur verið lægri. Stjórn samþykkti arðgreiðslustefnuna samhljóða og verður hún send starfshópi eigenda til kynningar.

6. Farþegamiðstöð

Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs og Sigurður Jökull Ólafsson komu á fundinn og kynntu mat á arðsemi farþegamiðstöðvar við Skarfabakka og svöruðu spurningum stjórnarmanna. Stjórn stefnir á aukafund í júnímánuði þar sem málið verður tekið fyrir.

7. Uppgjör fyrstu þriggja mánaða 2023

Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármála komu á fundinn og kynntu uppgjör fyrstu þriggja mánaða ársins. EBITDA nemur 283 m.kr. og er hún 36,1% yfir áætlun.

8. Forkaupsréttarmál

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteignar með venjulegum fyrirvara um að afnot lóðar falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningi.

- a. Erindi Basalts ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að eignarhluta í Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík. Fasta nr. 201-5784. Kaupandi Fjallajéppar ehf.

9. Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Lagt fram til kynningar.

10. Fjörusteinninn - Umhverfisviðurkenning Faxaflóahafna


Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna og Ástríður Elin Jónsdóttir gæða- og umhverfisstjóri komu á fundinn og fóru yfir tilnefningar til veitingar umhverfisviðurkenningu Faxaflóahafna 2023, Fjörusteinsins. Stjórn samþykkti tillögu stjórnenda og verður hún kynnt á aðalfundi félagsins í lok júnímánaðar.

11. Önnur mál


a. Áskorun til stjórnar Faxaflóahafna frá borgarstjórn um færslu Hvalveiðibáta

Tekin var fyrir samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem skorað er á stjórn Faxaflóahafna að finna hvalveiðibátum þeim sem liggja nú við Ægisgarð annan stað. Stjórn fól hafnarstjóra að skoða málið og ræða það við eigendur bátana.

Fundi slitið 11:50



Guðrún Ingeborg Guðmundsdóttir
Helga Harðardóttir



Þau S. Þorgrípa —
Ragnheiður H. Magnúsdóttir